

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofustjóri skrifstofu umhverfisgæða

Staða sorphirðu í Reykjavík í janúar 2024

Tafir urðu á hirðu á plasti og pappír í Reykjavík sl. jól og áramót, bæði á grændarstöðvum og við heimili. Eftirfarandi greinargerð er tekin saman til að gera umhverfis- og skipulagsráði grein fyrir stöð sorphirðu í Reykjavík nú í janúar, ástæðum tafa og hvernig unnið er að því að vinna upp tafirnar. Í greinargerðinni er jafnframt svarað fyrirspurn D-lista um fyrirkomulag og framvindu sorphirðu í Reykjavík.

Tækjakostur sorphirðu Reykjavíkurborgar

Hirða á heimilisúrgangi frá íbúðarhúsum í Reykjavík fer fram á lóðum íbúðarhúsa og á grændarstöðvum. Leiga og losun grændargáma er boðin út af Sorpu og núverandi þjónustuaðili Terra. Hirðu heimilisúrgangs á lóðum íbúðarhúsa sinnir Reykjavíkurborg með eigin rekstri. Fram að breytingum á flokkun og hirðu í Reykjavík sl. sumar hafði sorphirðan tíu hirðubíla til verksins. Var metið að í kjölfar innleiðingar á nýju hirðukerfi þyrfti 14 bíla til hirðu frá heimilum í Reykjavík. Frá júní fram í október 2023 bættust fimm nýir bílar við flotann. Vegna bilana í eldri bílum var beðið með að selja eldri bíl. Bílar hirðunnar eru því þessir í dag:

Skráningarnr.	Tegund	Skráningardagur	Aldur [ár]
HZG57	SCANIA P340	3.12.2014	9,2
BIV00	SCANIA P280	10.12.2014	9,2
PHY77	SCANIA P280	30.12.2014	9,1
JPL22	SCANIA P340	18.2.2015	8,9
JAN60	SCANIA P340	21.9.2015	8,3
EHJ28	SCANIA P340	23.9.2015	8,3
BZD87	SCANIA P340	28.9.2015	8,3
HPK24	SCANIA P340	17.3.2016	7,8
HFR41	SCANIA P340	29.3.2016	7,8
DZY48	SCANIA L340	8.11.2018	5,2
IYT21	SCANIA L340	2.6.2023	0,5
EUM95	SCANIA L340	25.7.2023	0,5
LFB83	SCANIA L340	25.7.2023	0,5
YAN12	SCANIA L340	25.7.2023	0,5
FGZ71	SCANIA L340	24.10.2023	0,25

Meðalaldur alls flotans er 5,6 ár. Meðalaldur eldri tíu bílar hirðunnar er um 8 ár. Líkt og með öllu ökutæki og sér í lagi búnað sem þennan sem er undir miklu álagi geta komið upp allskyns bilanir þó svo bílarnir séu nýir. Reynslan sýnir að viðhaldspörf og bilanir fara að aukast nokkuð þegar bílarnir ná fimm ára aldri og upp úr átta ára aldri fer að vera hagkvæmar að endurnýja þá saman borið við kostnaði við viðhald. Það er þó háð ástandi og



viðhaldi bílanna. Klettur, umboðsaðili Scania og Geesink Norba á Íslandi, hefur þjónustað bíla sorphirðunnar. Bílarnir fara reglulega í smurþjónustu og fyrirbyggjandi viðhald. Þjónusta Kletts hefur verið góð, sorphirðan hefur haft forgang og að lágmarki ein kvöldvakt hjá fyrirtækinu sinnt viðgerðum og viðhaldi á bílunum. Helst mætti gera athugasemdir við stöðu varahlutalagers fyrirtækisins en þrátt fyrir stærð þess og um sé að ræða umboðsaðila getur þurft að bíða eftir varahlutum. Auk Kletts hefur sorphirðan keypt þjónustu af Vökvakerfum við viðgerðir og viðhald á glussakerfi bílanna. Vökvakerfi hafa gert við glussaslöngur samdægurs og þær bíla.

Í fyrirspurn D-lista var spurt hvað olli bílunum um áramót þ.a. fimm af hirðubílunum biluðu sem olli töfum á hirðu. Einn af þeim fimm bílum sem biluðu var bíll sem tekinn var í notkun í júní sl., nýr bíll. Ástæða bilunar í honum var að kælikerfi glussakerfis virkaði ekki sem olli ofhitnun og plast sem bráðnaði utan um heita glussatjakka bars í glussakerfið. Bílunin átti sér stað í nóvember sl. Eftir að samtal Kletts við Gesink Norba um ábyrgð og viðgerð varð Gesink Norba gjaldþrota, í desember sl. Ekki hefur náðst í fyrirtækið vegna viðgerða en Klettur er að ljúka við viðgerð. Undirritaður er ekki með upplýsingar um hvað olli bílunum í hinum bílunum fjórum en það sem helst bílar eru skynjarar og keðjur á lyftum, glussaslöngur, pressur og millipíl en einnig bíllinn sjálfur s.s. gírkassi, „heili“, hubbar o.fl.

Unnið er að endurnýjun hirðubíla sorphirðunnar. Með fimm nýjum hirðubílum sl. sumar, sem var m.a. ætlað að mæta aukinni losunarþörf í nýju hirðukerfi, þremur bílum sem afhentir verða í apríl nk. og tveimur bílum sem eru á fjárfestingaáætlun 2025 verður hægt að skipta út sex af þeim sjö bílum sem nú hafa náð 8 ára aldri. Eftir verða þrjú bílar eldri en 8 ára. Til skoðunar er að hraða endurnýjun bílanna enn frekar.

Tafir á hirðu við heimili um jól og áramót

Nú, 21. janúar, er hirða á blönduðu sorpi og matarleifum á áætlun, hirt aðra hverja viku, en hirða á pappír og plasti er viku á eftir áætlun, hirt á fjögurra vikna fresti í stað þriggja.

Þegar hægir á hirðu vegna bílana, veikinda, veðurs eða annarra þátta leggur sorphirða borgarinnar áherslu á að hirða á matarleifum og blönduðu sorpi sé á áætlun vegna eðlis þess úrgangs – getur lyktað og laðað að meindýr. Mannskapur og búnaður er þá færður úr hirðu á pappír og plasti yfir í hirðu á matarleifum og blönduðu sorpi. Fari pappír og plast að safnast upp má skila þeim úrgangi grenndarstöðvar.

Vegna mikils magns úrgangs um jól og áramót fór að hægja á hirðu í vikunni fyrir jól. Sorp var hirt alla laugardaga í desember og vinnudagar lengdir. Vegna veðurs tafðist hirða enn frekar milli hátíða en reynt var að halda þeim í lágmarki með hirðu laugardaginn 30. desember og sunnudaginn 31. desember, gamlársmorgun. Í fyrstu viku janúar biluðu fjórir af 15 hirðubílunum sorphirðunnar, fyrir var einn bíll bílaður sbr. hér að framan. Eldri bílarnir fjórir komust aftur í umferð áður en vikan var liðin en þá hafði nokkuð safnast upp af plasti og pappír í sorpgeymslum.

Þegar tafir hafa orðið á hirðu gengur hægt að vinna þær upp. Sorphirðan losar þá umframsorp sem stendur utan við sorpílát og þarf oft að fara nokkrar ferðir að sorpgeymslum og bera fram sorpið. Tafir urðu víðar en í Reykjavík sl. áramót. Því var ekki hægt að fá aðstoð verktaka í fyrstu viku janúar. Þann 11. janúar komst sorphirða í Garðabæ á rétta



hirðutíðni en Íslenska gámafélagið sinnir hirðu þar. Sorphirða er enn á eftir áætlun í Hafnarfirði en þar sinnir Terra sorphirðu frá heimilum. Leitað var til Íslenska gámafélagsins með aðstoð við sorphirðu og gat félagið útvegað tvo flokka og hirðubíla laugardaginn 13. janúar og laugardaginn 20 janúar sl. Auk þess var leigður viðbótar hirðubíll af Kubb þann 12. janúar sl. til að mæta bilunum í hirðubílum.

Hirða fer þannig fram í Reykjavík að hluti hirðubíla er við hirðu á pappír og plasti og hluti hirðubíla við hirðu á blönduðu sorpi og matarleifum. Farið er úr hverfi í hverfi þ.a. eftir hirðu í Vesturbæ er hirt í miðborg, þá Hlíðar, Laugardalur, Háaleiti og Bústaðir, Breiðholt, Árbær og Norðlingaholt, Grafarholt, Úlfarsárdalur og Grafarvogur. Kjalarnes er tekið samhliða Árbæ á einum bíl. Á Þorláksmessu, laugardaginn 23. desember, var lokið við hirðu á öllum flokkum í Grafarvogi, Hamrahverfinu og hirða því hafin í Vesturbæ milli hátíða. Tafir urðu líklega mestar í Breiðholti og Árbæ. Eftirfarandi tafla sýnir hirðudaga í þessum hverfum í desember og janúar:

Hverfi	Hirða í des. 2023	Hirða í jan. 2024	Tími milli hirðu
Vesturbær norðan Hr.	27. nóv.	28. des.	4 vikur, 3 dagar
Lækir Laugardal	5. des.	8. jan.	4 vikur, 6 dagar
Lönd Bústöðum	6. des.	9. jan.	4 vikur, 6 dagar
Sel Breiðholti	9. des.	15. jan.	5 vikur, 2 dagar
Bæir Árbæ	13. des.	17. jan.	5 vikur, 0 dagar
Hamrar Grafarvogi	23. des.	20. jan.	4 vikur, 0 dagar

Í umræðu um tafir á hirðu í Reykjavík hefur verið nefnt hvort ekki megi ráða fleiri starfsmenn til verksins. Starfsfólki hefur verið fjölgað við hirðu í borginni frá því innleitt var nýtt hirðukerfi, bæði bílstjórum og verkafólki við hirðu. Unnið er að því að fjölga varabílstjórum – verkafólki við hirðu sem hefur meirapróf til aksturs hirðubíla og getur hlaupið í skarðið við veikindi og orlof bílstjóra. Flöskuháls við afköst hirðu í borginni þegar sorpbílar bíla eru tunnulyftunarf sem losa tunnurnar í bílana en ekki mannskapur sem dregur þær fram til losunar. Starfsfólki við sorphirðu í borginni er fjölgað yfir vetrarmánuði samanborið við sumar til að mæta töfum vegna færðar.

Hirðudagatal gerir ráð fyrir að hirðutíðni á pappír og plasti sé þrjár vikur í Reykjavík og matarleifar og blandað sorp tvær vikur. Til samanburðar er hirðutíðni á pappír og plasti tvær vikur í Kópavogi, þrjár vikur í Garðabæ og Mosfellsbæ og fjórar vikur í Hafnarfirði. Til skoðunar er að koma hirðutíðni á pappír og plasti í tvær vikur í Reykjavík til að tvískipt sorpílát fyrir pappír og plast nýtist betur og sorpílát rúmist betur í núverandi sorpgeymslum. Von er á þrem nýjum hirðubílum í vor sbr. hér að framan. Með þeim bílum verður hægt að endurnýja eldri bíla og vinna að því að hirða pappír og plast aðra hverja viku.

Tafir á hirðu grenndargáma um jól og áramót

Auk tafa á hirðu við heimili hjá sorphirðu Reykjavíkurborgar urðu einnig tafir á losun grenndargáma í Reykjavík sem er í verktöku, boðin út. Terra sem sér um losun grenndargámanna hefur haft tvo bíla í því verki. Annar þeirra varð fyrir tjóni í byrjun desember en skipting bilaði í hinum fyrir jól. Fengin var vörubílstjóri í losun gámanna og síðar aðstoð frá Íslenska gámafélaginu. Auk þess lánaði sorphirða Reykjavíkurborgar



hirðubíl til losunar gámanna að loknum vinnudegi hjá sorphirðu borgarinnar. Losun grenndargáma hefur því gengið hægt og gámar víða fullir um jól og áramót og fyrstu vikur janúar. Von er á nýjum hirðubíl og að viðgerð á öðrum núverandi bíla mánudaginn 23. janúar.

Aðrar tafir á hirðu árið 2023

Engar tafir urðu á hirðu á blönduðu sorpi og matarleifum árið 2023. Í seinni hluta júlí fór hirða á pappír og plasti að dragast og varð hún mest rúmunum tveim vikum á eftir áætlun um miðjan ágúst. Búið var að vinna upp tafirnar um miðjan september. Ástæður þessara tafa hafa verið kynntar á fundum umhverfis- og skipulagsráðs og í fjölmiðlum en til upprifjunar þá m.a. tafðist afhending nýrra hirðubíla í þrígang fram í lok júlí en dreifing á nýjum flokkunarílátum gekk vel og fór fram úr áætlun. Hirðan réð því illa við aukin fjölda íláta á helsta orlofstíma starfsmanna. Yfirlit yfir tafir hverfi fyrir hverfi liggur ekki fyrir.

Í fyrirspurn D-lista frá september sl. var óskað upplýsinga um hversu miklar tafir hafi orðið á losun gáma á grenndarstöðvum á árinu. Sorpa rekur 56 grenndarstöðvar fyrir hönd Reykjavíkurborgar þar sem tekið er við 4-6 úrgangsflokkun á hverri stöð. Terra sinnir losun á pappír, plasti, gleri og málmum skv. samningi í kjölfar útboðs. Rauði krossinn og Grænir skátar hafa rekið söfnun á textíl og skilagjaldsumbúðum á stöðvunum. Ekki liggja fyrir upplýsingar um allar tafir sem orðið hafa á losun gáma á grenndarstöðvum. Tafir hafa helst orðið á losun textíls á vegum Rauða krossins. Tafir urðu þó einnig á losun grenndargáma fyrir pappír og plast í júlí sl. af svipuðum ástæðum og nú í desember, bilun í losunarbílum Terra. Á sama tíma var aukið álag á grenndarstöðvum m.a. þar sem hirðuaðilarnir Íslenska gámafélagið og Terra ákváðu skyndilega að fjarlægja endurvinnslutunnur sem þessir aðila buðu íbúum uppá. Tíðni gámalosunar er misjöfn eftir stöðvum og úrgangsflokkum. Þar sem álagið er mikið líkt og við Klambratún eru pappírgámar losaðir fjórum sinnum í viku. Gler og málmgámar eru losaðir sjaldnar eða 1-2 sinnum í mánuði. Meðfylgjandi er yfirlit yfir losunartíðni grenndarstöðva eftir grenndarstöðvum og úrgangsflokkum. Yfirlitið er frá í lok nóvember. Nýr samningur um leigu og losun grenndargáma fyrir pappír, plast, gler og málma tekur gildi nú í febrúar. Mun þá losunartíðni breytast en skynjarar verða í öllum gámum sem gefa til kynna hvenær þeir eru við að fyllast.

Guðmundur B. Friðriksson

	Pappír/pappi	Plast	Gler	Málmar
Hringbraut	1 x viku	1 x viku	2 x mánuði	
Hofsvallagata	2 x viku	1 x viku	2 x mánuði	
Einarsnes	1 x viku	1 x viku	8 vikna fresti	
Eggertsgata	2 x viku	1 x viku	8 vikna fresti	
Óðinsgata	2 x viku	2 x viku	2 x mánuði	2 x mánuði
Skúlagata	1 x viku	1 x viku	1 x mánuði	2 x mánuði
Hallgrímshólmur	4 x viku	1 x viku	2 x mánuði	
Kjarvalstaðir	4 x viku	2 x viku	2 x mánuði	
Hátún	2 x viku	1 x viku	8 vikna fresti	
Bólstaðahlíð	2 x viku	1 x viku	8 vikna fresti	
Hamrahlíð	2 x viku	1 x viku	8 vikna fresti	
Suðurhlíð	2 x viku	1 x viku	8 vikna fresti	
Stóragerði	2 x viku	1 x viku	1 x mánuði	
Háaleitisbraut	4 x viku	2 x viku	2x mánuði	
Grímsbær	2 x viku	2 x viku	1 x mánuði	
Sogavegur	2 x viku	1 x viku	1 x mánuði	
Faxafen	2 x viku	1 x viku		
Gnoðavogur	2 x viku	2 x viku	1 x mánuði	
Sigtún	1 x viku	1 x viku	2 x mánuði	
Sundlaugavegur	3 x viku	2 x viku	2 x mánuði	
Laugalækur	3 x viku	2 x viku	2 x mánuði	1 x mánuði
Kleppsvegur	2 x viku	1 x viku	8 vikna fresti	
Vatnagarðar				2 x mánuði
Skútuvogur	2 x viku	1x viku		
Birtingakvísl	2 x viku	1 x viku	8 vikna fresti	1 x mánuði
Stekkjarbakki	2 x viku	1 x viku	8 vikna fresti	
Mjódd	2 x viku	2 x viku	1 x mánuði	
Maríubakki	2 x viku	1 x viku	8 vikna fresti	
Skógarsel	2 x viku	2 x viku	1 x mánuði	
Seljabraut	2 x viku	1 x viku	1 x mánuði	
Kleifarsel	1 x viku	1 x viku		1 x mánuði
Suðurfell	2 x viku	1 x viku	1 x mánuði	
Vesturberg	2 x viku	1 x viku	1 x mánuði	
Austurberg	2 x viku	1 x viku	2 x mánuði	
Suðurhólar	2 x viku	1 x viku	1 x mánuði	
Orrahólar			1 x mánuði	2 x mánuði
Bæjarbraut	2 x viku	2 x viku	8 vikna fresti	1 x mánuði
Rofabær	2 x viku	1 x viku	1 x mánuði	1 x mánuði
Selásbraut	2 x viku	1 x viku	8 vikna fresti	1 x mánuði
Viðarás	1 x viku	1 x viku	1 x mánuði	1 x mánuði
Norðlingabraut	2 x viku	1 x viku	1 x mánuði	1 x mánuði
Norðlingabraut 14	1 x viku	1 x viku		1 x mánuði
Maríubaugur	1 x viku	1 x viku		
Þjóðhildarstígur	2 x viku	1 x viku		
Úlfarsbraut	1 x viku	1 x viku	8 vikna fresti	
Hverafold	2 x viku	1 x viku	8 vikna fresti	

Fjallkonuvegur	2 x viku	1 x viku	8 vikna fresti	
Sporhamrar	1 x viku	1 x viku	1 x mánuði	
Dalhús	1 x viku	1 x viku	1 x mánuði	
Gagnvegur	1 x viku	1 x viku		
Langirimi	2 x viku	1 x viku	8 vikna fresti	
Spöngin	2 x viku	2 x viku	1 x mánuði	
Hamravík	1 x viku	1 x viku	8 vikna fresti	
Barðastaðir	2 x viku		1 x mánuði	1 x mánuði
Kjalarnes	1 x viku	1 x viku	8 vikna fresti	